

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 7. október 2024
Málsnúmer: 202408-0029
SS/LA

Efni: Efnistaka úr Seljadalsnámu, Mosfellsbæ. Umhverfismatsskýrsla.

Við er í erindi frá Skipulagsstofnun frá 20. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna áframhaldandi efnistöku í Seljadalsnámu, Mosfellsbæ.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla fyrsta flokks steinefnis fyrir malbik á höfuðborgarsvæðinu. Áform eru um að opna og stækka áður frágengið 6 ha efnistökusvæði í Seljadal en engin efnistaka hefur verið þar síðan 2016. Fyrirhugað er að stækka námuna um 2 ha svæði til austurs þar sem vinna á að hámarki 230 þúsund m³ á næstu 13-19 árum. Til að losa um berg í námunni eru áætlaðar 6-9 sprengingar á ári. Óheimilt verður að vinna í námunni í júní, júlí og ágúst. Gert er ráð fyrir stækkun Seljadalsnámu í endurskoðuðu aðalskipulagi Mosfellsbæjar frá 2023.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar þann 27. janúar 2021. Þar kom fram að grágrýtið sem til stæði að nýta væri algengt í berggrunni höfuðborgarsvæðisins og í ljósi þess að töluvert ónæði væri af námuvinnslunni og ásýndaráhrif af stækkun hennar umtalsverð, væri tilefni til að skoða hvort önnur svæði með sambærilegum berggrunni myndu henta betur til námuvinnslu. Fram kemur nú í umhverfismatsskýrslunni að sambærilegt efni af sömu gæðum finnist ekki nema í töluverðri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu (hvar nákvæmlega er ekki greint frá) og sökum þessa hafi efni verið innflutt síðan nánast í Seljadal var lokað. Með enduropnun og stækkun námunnar ætti að vera hægt að hætta innflutningi aftur.

Í umsögninni um matsáætlunina var einnig bent á mikilvægi þess að kannað yrði grunnvatnsstreymi og lekt sprungna á svæðinu sem einkennist af neti misgengja og sprungna. Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að vinnsla í námunni muni ekki komast í snertingu við grunnvatn og að takmörkuð lekt sé í berggrunninum. Ekki kemur þó fram hvort sprungur séu í og við námusvæðið sem fylgjast þurfi sérstaklega með.

Í umsögninni um matsáætlunina kom einnig fram að á tímabili var hugmynd um að Seljadalur færi undir hverfisvernd og að friða gamla Þingvallavegin sem liggur fram hjá efnistökusvæðinu. Í endurskoðuðu aðalskipulagi Mosfellsbæjar frá 2023 er ekki gert ráð fyrir friðun heldur er stækkun Seljadalsnámu staðfest. Þótt ekki séu áform um verndaraðgerðir lengur er mikilvægt að huga að verndargildi Þingvallavegarins við áframhaldandi skipulagsvinnu á svæðinu. Efnistökusvæðið verður áfram utan allra skilgreindra verndarsvæða.

Náttúrufræðistofnun telur að ágætlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum á þeim þáttum er varða hlutverk og fagþekkingu stofnunarinnar í umhverfismatsskýrslunni. Ljóst er að neikvæð umhverfisáhrif vegna áframhaldandi efnistöku verða með frekara raski á jarðmyndanir, en eins og áður kemur fram teljast þær jarðmyndanir sem einkenna efnistökusvæðið fremur algengar á höfuðborgarsvæðinu. Rask á gróðri og á búsvæðum fugla er líklegt til að vera frekar takmarkað og landgræðsla mun bæta það upp að einhverju leyti. Einnig með tilliti til þessa umhverfisþátta er heppilegra að stækka efnistökusvæði sem þegar eru röskuð frekar en að fjölga þeim. Hvað neikvæðustu áhrif af aukinni efnistöku eru ásýndaráhrif sem aukast til austurs og rýra verndargildi landslags og útivistargildi svæðisins. Ásýndaráhrifin eru hvað mest til frístundabyggða við Silungatjörn og Myrkurtjörn. Þá fylgir hávaði, rykmengun og önnur truflun af starfseminni en ein mótvægisáðgerð gegn því er að ekki sé stefnt að efnistöku yfir sumarmánuðina þegar mest er um útivist á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

